

Reykjavík, 6. júní 1997.



Dr. Vilhjálmur Örn Vilhjálmsson  
Vandkunsten 6,4 sal  
København K  
Danmörk.

Með vísan til bréfs þíns ds. 28. maí um aðgang að gögnum Þjóðminjasafns um hvarf forngrípa og muna úr eigu safnsins, skal upplýst að engin slik skrá er til.

Ef gripur hverfur og sé um stuld eða glæpsamlegt mál að ræða, er það tilkynnt yfirvöldum. Ef hlutur hverfur á annan hátt og telja má það mikilsverðan að yfirvöld vildu af vita, yrði það jafnframt gert.

Engir gripir hafa horfið héðan sem tilkynnt er um í alþjóðleg eftirlýsingarit. Það yrði að sjálfsögðu gert ef ætla má að gripir bærust héðan ólöggæla, t. d. á erlendan sölumarkað.

Ef með orðinu aðfarabók í bréfinu er átt við aðfangabók, skal upplýst að þar eru skráðar aðeins innfærslur gripa. Í safnskrár eru síðan færðar allar upplýsingar um gripinn, þar á meðal skakkaföll sem kunna að verða.

Hvað snertir bréf það er ég skrifaði þér 3. febr. 1988 og spurðist fyrir um innsigliðringa sem saknað var, fólst þar hvorki ásöken eða neins konar aðdróttun. Starfsmaður safnsins kvaðst hafa heyrt þig segja, að hringarnir hefðu verið hjá Kristjáni Eldjárn. Vildi ég því vita hvort rétt væri. Ef bréfið er lesið réttum skilningi er texti þess allur augljós.

Umræddir hringar reyndust ekki hafa horfið. Þeir höfðu farið, sennilegast við tilfærslu, á bak við aðra hluti í sýningarskáp og sáust ekki fyrr en þeir hlutir voru hreyfðir.

Svo er einnig um fleiri gripi sem menn töldu um tíma týnda, að þeir hafa komið í ljós annars staðar, verið mislagðir. Alkunna er að bækur bókasafna “glatast” þannig tímabundið og skjöl í skjalasöfnum. Týndur hlutur er ekki alltaf glataður.

Ljósmyndir af hringunum verða afgreiddar ef pöntun berst til myndadeilda safnsins og samkvæmt reglum sem þar gilda.

Þór Magnússon  
þjóðminjavörður.

Afrit sent menntamálaráðuneyti.